

**Nr. 042 / 14 Gullberg VE 292*****Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 2747 IMO nr. 9211810  
Smíðaður: Noregi 2000, stál  
Stærð: 337,8 brl. 599,6 bt.  
Mesta lengd: 37 m Skráð lengd: 31,9 m  
Breidd: 10,4 m Dýpt: 6,53 m  
Vél: Caterpillar 1056 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 12

**Gögn:**

Gögn RNS



Gullberg©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. janúar 2014 var Gullberg VE 292 á siglingu við SA ströndina á leið til Vestmannaeyja. Veður: SV 22 m/sek. og mikill sjór.

Nokkrir skipverjar voru í lest að ganga frá afla úr síðasta hali túrsins. Mikill veltingur var á skipinu og í einni dýfunni féll fullt kar af fiski með þeim afleiðingum að það lenti á einum skipverjanum og hann varð undir því. Aðrir skipverjar tókst fljótt að ná skipverjanum undan karinu og aðstoða hann upp úr lestinni.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjar voru að vinna fremst í lestinni og stóð slasaði ofan í kari í annarri hæð þegar hann varð undir kari úr fjórðu hæð. Lá hann þar fastur með karið ofan á fótunum og fiskinn ofan á sér og allt um kring;
- að karið sem féll var bakborðsmegin við slasaða og hafði stuðning af aðliggjandi körum á öllum hliðum nema til stjórnborða. Ekki er vitað af hvaða tegund eða gerð karið var sem féll eða það sem það sat á;
- að skipstjóri sagði skipið mjög líflegt en velta mikið enda eiga skipverjar oft á tíðum fullt í fangi með að standa í fæturnar þó þeir haldi sér;
- að ekki var veltitankur í skipinu;
- að slasaði gerði sér ekki grein fyrir hvers vegna karið losnaði úr skorðum. Hann taldi samt tvennt geta komið til greina. Annars vegar hafi ekki verið um kör af sömu gerð að ræða sem staflað var saman og þau því ekki skorðast. Hins vegar að skipið valt og stampaði mikið og þarna fremst í lestinni hafði þessi hreyfing mest áhrif. Hann taldi því karið hafi geta lyftst upp úr skorðum þegar skipið féll skart fram af báru og til stjórnborða.

Hann taldi að fiskur í neðra kari hafi ekki lyft undir það enda ekki dæmi um það þó oft komi fyrir að fiskur flæði upp úr efstu körum.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til mikillar hreyfingar skipsins en ekki er ljóst hvers vegna körin skorðuðust ekki saman.